

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 19. apríl 2016 og hófst kl. 15.00. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þröstur Helgason. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málræktarþing í nóvember

Sjá fg. stj. ÍM 3/2016, 3. lið. Áfram var rætt um skipulagningu fyrirhugaðs málræktarþings í nóvember. Ármann mun óska eftir titlum frá fyrirlesurum í maí. Ákveðið var að óska eftir því að mennta- og menningarmálaráðherra ávarpaði þingið. Jóhannes hefur pantað fyrirlestrasal Þjóðminjasafns fyrir það.

2. Málþing í maí – yfirlit

Hilmar greindi frá undirbúningi málþings ÍM og Radda 12. maí. Undirbúningur gengur vel. Vonast er til að ráðherra tali á fundinum.

3. Undirbúningur fyrir fund Íslenskrar málnefndar í júní

Stefnt er að því að haldinn verði fundur í Íslenskri málnefnd 7. júní kl. 15.30. Meginviðfangsefnið verður umræður um næstu ályktun ÍM, íslenskan á Netinu. Stefnt er að því að umræður á fundinum myndi stofn hennar. Einnig verður rætt um hvort halda eigi áfram með endurskoðun ritreglna og e.t.v. taka næst fyrir greinarmerki. Jóhannes hefur boðist til þess, ef áhugi er hjá málnefndinni á því, að taka saman drög að nýjum reglum um greinarmerki og leggja fyrir nefndina á næsta vetri.

4. Önnur mál.

a) Sagt frá fundi samstarfsnets málnefndanna í apríl

Guðrún og Jóhannes sögðu frá aukafundi samstarfsnets norrænu málnefndanna (Netværket for sprog-nævnene i Norden) 11. apríl í Kaupmannahöfn sem þau fóru á. Meginefni fundarins var framtíðarskipan norræna málnefndasamstarfsins. Ákveðið var á fundinum að í stað árlegs málnefndaþings yrði það haldið annað hvert ár en annað hvert ár vinnufundur um ákveðið efni sem málnefndirnar og skrifstofur þeirra sýsluðu við, t.d. málfarsráðgjöf, nýyrði, máltækni o.s.frv.

b) Upplýsingar á ensku í vélum Flugleiða og á skiltum á Keflavíkurflugvelli

Formaður greindi frá því að matseðlar og ýmislegt annað upplýsingaefni í vélum Flugleiða (Icelandair) væri nú eingöngu á ensku. Áveðið var að skrifa bréf til félagsins og kvarta yfir þessum heimóttarskap sem bryti í bág við lög um stöðu tungunnar. Þröstur nefndi einnig að það væri skerðing á reynslu ferðamanna að hafa allt á ensku sem þeir sæju hér á landi.

Einnig var ákveðið að senda bréf til Isavia vegna merkinga á Keflavíkurflugvelli. Á öllum skiltum þar væri nú enska höfð á undan íslensku (sjá fg. stj. ÍM 3/2016, mál til bókunar). Ef ekki berast skýr svör frá Isavia verður sent bréf til innanríkisráðuneytis um málið.

c) Ritreglur Íslenskrar málnefndar – fundur í mennta- og menningarmálaráðuneyti

Formaður og varaformaður lögðu áherslu á það á mánaðarlegum fundi í mennta- og menningarmálaráðuneyti um framkvæmd íslenskrar málstefnu, sem haldinn var 19. apríl, að nýjar ritreglur Íslenskrar málnefndar yrðu auglýstar sem fyrst af ráðuneytinu og öðluðust gildi. Kveðið er skýrt á um hlutverk nefndarinnar í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011, 6. grein: „Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki ráðherra.“

Mál til bóknar

Ritreglur Íslenskrar málnefndar

Sjá fg. stj. ÍM 3/2016. Jóhannes sendi lokagerð nýrra ritreglna til nefndarmanna í Íslenskri málnefnd 29. mars 2016. Skeytinu fylgdi greinargerð um helstu breytingar frá núverandi ritreglum sem Jóhannes hafði tekið saman. Gefinn var frestur til 5. apríl til að gera athugasemdir við ritreglurnar. Ekki bárust efnislegar athugasemdir en Þórhildur S. Sigurðardóttir spurðist fyrir um hvers vegna ekki fylgdu ritreglunum einnig greinarmerkjareglur en kafla um kommusetningu (22. kafla) hafði fylgt lokaskýrslu vinnuhóps Íslenskrar málnefndar um ritreglur sem skilað var 23. ágúst 2015 (sjá <http://islenskan.is/images/Islenkar-ritreglur-drog-2015.pdf>). Jóhannes svaraði því í tölvuskeyti að við áframhaldandi vinnu við frágang ritreglnanna hefði verið ákveðið að taka kommukaflann út í bili og leggja áherslu á að ljúka við stafsetningarreglurnar sem var brýnast vegna nýrrar útgáfu Stafsetningarorðabókar. Kommukaflinn myndi vonandi nýtast síðar í nýjar heildarreglur um greinarmerkjasetningu.

5. apríl voru drög að nýjum ritreglum send bæði í pósti og tölvupósti til mennta- og menningarmálaráðuneytis ásamt greinargerð og bréfi formanns.

Samband íslenskra sveitarfélaga og ályktun ÍM 2013

Formaður greindi frá því að Samband íslenskra sveitarfélaga væri mjög ánægt með ályktun Íslenskrar málnefndar 2013 (http://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/alyktun_IM_2013.pdf) og hefði haft samband við mennta- og menningarmálaráðuneytið um framfylgd ýmissa áhersluatriða þar varðandi íslenskukennslu fólks af erlendum uppruna. Ráðuneytið ynni nú að gerð úttektar á þessu sviði.

Fundi lauk kl. 16.10

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.